

Föstudaginn 1. október 1999.

Nr. 395/1999. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

X

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gögn. Verjandi.

*Kærður var úrskurður héraðsdómara þar sem fallist var á kröfu lög-
reglustjóra um skýrslutöku yfir X fyrir dómi og framlengingu frests til
að synja verjanda X um aðgang að gögnum varðandi rannsókn opin-
bers máls í þrjár vikur, á grundvelli b-liðar 1. mgr. 74. gr. a laga nr.
19/1991. Var niðurstaða héraðsdóms staðfest með vísan til forsendna
úrskurðarins.*

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Gunn-
laugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. september
1999, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 30. sama mánaðar.
Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 1999, þar
sem fallist var á kröfu sóknaraðila um skýrslutöku fyrir dómi af varn-
araðila. Þá var jafnframt fallist á kröfu sóknaraðila um að framlengdur
yrði í þrjár vikur frestur til að synja verjanda varnaraðila um aðgang að
gögnum varðandi rannsókn opinbers máls, sem beinist að varnaraðila.
Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opin-
berra mála. Varnaraðili krefst þess að lagt verði fyrir sóknaraðila að
afhenda verjanda endurrit rannsóknargagna málsins.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 1999.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess að héraðsdómur taki skýrslu af X [...] og jafnframt að framlengdur verði í þrjár vikur frestur sem lögregla hefur til að synja verjanda kærða um aðgang að gögnum er varða rannsókn máls nr. 10-1999-21479. Krafan kom fram í dag.

[...]

Kærða var með úrskurði dómsins þann 24. september sl. gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 24. nóvember 1999 kl. 16. Úrskurðurinn er studdur þeim rökum að verið sé að rannsaka meint brot gegn fíkniefnalöggjöf-inni en háttsemi kærða, ef sönnuð væri, varðaði við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þar sem hámarksrefsing sé 10 ára fangelsi. Rökstuddur grunur væri fram kominn um aðild kærða að málinu. Rannsókn málsins væri skammt á veg komin og ljóst að hún verði bæði flókin og tímafrek, og því ekki efni til að marka gæsluvarðhaldinu skemmri tíma.

Samkvæmt síðari málslið b-liðar 1. mgr. 74. gr. a laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1999, ber dómara að verða við beiðni lögreglu um skýrslutöku fyrir dómi af sakborningi til þess að upplýsa mál, áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess, telji lögregla bera nauðsyn til þess. Með vísan til þessa er fallist á að skýrslutaka fari fram fyrir dómi yfir kærða, X.

Samkvæmt sama lagaákvæði getur dómari framlengt frest sem lögregla hefur til að veita verjanda sakbornings aðgang að gögnum samkvæmt 1. mgr. 43. gr. laganna í allt að þrjár vikur, ef þörf er á, til að unnt sé að ljúka skýrslutökum.

Með hliðsjón af því hve mál þetta er umfangsmikið má fallast á kröfu lögreglustjóra um að frestur til að sýna verjanda og sakborningi gögn verði framlengdur í allt að þrjár vikur, samkvæmt síðari málslið b-liðar 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991, svo unnt verði að ljúka skýrslutöku. Fallist er á þann skilning lögreglustjóra á 43. gr. sömu laga að frestur taki fyrst að líða gagnvart kærða frá handtöku hans.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Fallist er á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um skýrslutöku yfir sakborningi, X, fyrir dómi. Jafnframt er framlengdur í þrjár vikur frestur sem lögregla hefur til að synja verjanda X um aðgang að öllum rannsóknar-gögnum máls nr. 10-1999-21479.